

Fyrirspurn E 26/2024  
Fyrirspyrjandi Helge Orten (H)  
Til ríkisstjórn Norðurlanda

## Skrifleg fyrirspurn um eftt norrænt samstarf gagnvart ESB

### Til ríkisstjórn Norðurlanda

Norrænt samstarf hefur löngum verið árangursríkt í gæslu sameiginlegra hagsmuna á ýmsum málavæðum, bæði innan svæðis og á alþjóðavettvangi. Evrópusambandið (ESB) glímir um þessar mundir við áskoranir og umskipti og þá eiga norrænu löndin að taka höndum saman um að standa vörð um norræna hagsmuni og leitast við að hafa áhrif á ákvarðanir sem teknar eru hjá ESB. Til dæmis er það undirstöðuatriði fyrir lönd okkar að standa vörð um frjálsa för innan Norðurlanda.

Þótt staða norrænu landanna gagnvart Evrópusambandinu sé mismunandi hafa lög og ákvarðanir þess mikil áhrif á löndin. Ekki síst hefur innri markaðurinn í Evrópu grundvallarþýðingu fyrir atvinnulíf og vinnumarkað á Norðurlöndum. Þegar kemur að stöðlun, fjárfestingum, stafrænni þróun, viðbúnaðarmálum og ekki síst grænum umskiptum leikur ESB jafnframt lykilhlutverk. Kjósi löndin að fara ólíkar leiðir við innleiðingu ESB-löggjafar getur það komið niður á forsendum almennings til þess að lifa við sömu skilyrði í öllum norrænu löndunum, svo ekki sé minnst á forsendur fyrirtækja til reksturs í fleiri en einu norrænu landi. Norrænu löndin hafa allt að vinna með því að vinna saman eins vel og hægt er, bæði við setningu og innleiðingu ESB-löggjafar.

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs hefur um langt skeið rætt möguleikana á að efla norrænt samstarf gagnvart ESB.

Í ljósi þessa viljum við beina eftirfarandi spurningum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum:

Hvernig er háttað samstarfi norrænu ríkisstjórnanna um löggjöf ESB?

Hvernig standa norrænu ríkisstjórnirnar að því að tryggja hagsmuni Norðurlanda við stefnumörkun ESB á sviðum eins og umskipti, viðbúnað og stafræna væðingu?

Vinna norrænu ríkisstjórnirnar saman um Evrópusambandsmál í samstarfi þeirra á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar?



Eru málefni sem ríkisstjórnirnar taka mismunandi afstöðu til, þar sem norrænu löndin hafa mismunandi skoðun?

Norðurlöndum, 11. nóvember 2024

*Helge Orten (H)*